

Lög

um

rafmagnsveitur.

Nr. 51.
3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Orðið *sveit* táknað í lögum þessum kaupstað, kaupsýningu eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kaupsýning merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsþjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagn um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjótt, mól o. s. frv., sje tekið þar, sem hægast er. Verði svo álitid, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarstjórnin.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

- a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.

- Nr. 51. b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir, til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar, svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem gjót, mól o. s. frv., sje tekið þar, sem hægst er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabíl, þó ekki lengur en 20 ár í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefni sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt, að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samskvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fallur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í allt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samskvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar, þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstrakra manna eða sveita, og skal þá raf-

magnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nr. 51.
3. nóv.

Nú valda rafmagnstaugar, er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir бага þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur að tiltölu við virðingarverð hússins.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3 mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því, og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getu sveitarstjórnin með staðfestingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kænn að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveita stjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk

Nr. 51. þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við sam
3. nów. kvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr., má svo ákveða, að fræman- skráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni líta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við broti á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kaптúnunum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.